

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis  
Kirkjustræti  
101 Reykjavík

Hafnarfirði, 21. júní 2022  
2201002KA

**Efni:** Nokkrar athugasemdir við frumvarp um landamæri **536.mál**

Vísað er til umsagnarbeiðni frá Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis dags. 16. júní sl. vegna frumvarps til laga um landamæri, 536. mál. Frumvarpið birtist áður í samráðsgátt stjórnvalda 22. desember 2021 þar sem félagið kom að nokkrum athugasemdum við efni þess.

Að þessu sinni vill félagið koma að nokkrum ábendingum sem varða form og efni.

Í frumvarpinu er í orðskýringu á *ferðaskilríki* í 2. tl. 3. gr. vísað til *viðauka við reglugerð um för yfir landamæri*. Félagið telur að fella eigi þennan málslið út enda óheppilegt að lög styðjist við ákvæði reglugerðar.

Í orðskýringu á *landamæragæsla* í 6. tl. 3. gr. virðist það vera skilgreiningaratriði að gæslan fari aðeins fram *utan ákveðins opnunartíma*. Af þessu má ráða að enginn landamæragæsla fari fram nema landamærastöð sé lokuð. Þetta telur félagið að sé órökrétt og takmarkandi og leggur til að orðin *utan ákveðins opnunartíma* séu felld úr.

Í 10. mgr. 10 gr. er kveðið á um að *ákvæði 13. gr. stjórnslulaga, nr. 37/1993, um andmælarétt gildir ekki um ákvörðun um synjun, ógildingu eða afturköllun ferðaheimildar*. Af umfjölluninni í greinargerð má ráða að málsmeðferðarreglur ESB nr. 2018/1240 gildi um málsmeðferð vegna ógildingar og afturköllunar ferðaheimildar. Eins og ákvæðið er orðað í frumvarpinu má gagnálykta frá því þ.e. að stjórnslulögin eigi við að öðru leyti. Af umfjölluninni í greinargerð má samt ráða að stjórnslulögum sé ekki ætlað að gilda um málsmeðferðina heldur ESB gerðinni. Til að taka af tvímæli gæti verið heppilegra að kveða á um að stjórnslulög gildi ekki um málsmeðferðina.

Virðingarfyllt,  
f.h. Isavia ohf.

Karl Alvarsson, yfirlögfræðingur